

# Hönnunarstefna

fyrir Ísland

Hönnun sem drifkraftur til framtíðar

## vegna þess að...

... hönnun er einn af drifkröftunum á bak við aukna verðmætasköpun, meiri lífsgæði, sjálfbærni og betra þjóðfélag

... hönnun snertir öll svið tilveru okkar hvort sem um er að ræða þróun atvinnulífsins, samfélagsins sjálfs og efnahagslífsins eða þróun hugmynda, verkefna, vöru, þjónustu, ferla og viðburða

... hönnun á erindi inn í stjórnslu, stofnanir, stjórnsmál, fyrirtæki og heimili

... hönnun er aðferðafræði, hugsunarháttur og verklag sem leitast við að brúa bilið milli sköpunargáfu og nýsköpunar, tækni og notanda, vísinda og markaðstengdra greina

... hönnun vísar veginn til framtíðar um leið og hún sækir styrk í sérstöðu lands og þjóðar

... allt hið manngerða í umhverfi okkar, borgir, byggingar, kerfi og hlutir, er hannað

## ...hönnun er...

Í þeirri hönnunarstefnu sem hér birtist, er orðið hönnun notað sem samheiti yfir mismunandi greinar sem sameina sköpun og hagnýtar lausnir. Þannig tengir hönnun sköpunarkraft og nýsköpun og mótar hugmyndir að framleiðslu nothæfra og góðra afurða fyrir notendur og kaupendur. Hönnun er þannig skilgreind sem sköpunarkraftur sem notaður er til að ná ákveðnu takmarki.

Styrkur hennar felst í hugmyndafræði sem er beitt við þróun efnislegra og óefnislegra lausna sem tryggja bestu mögulegu útkomu fyrir notandann, þarfir hans og langanir, og tekur mið af efnahagslegri, samfélagslegri og umhverfislegri sjálfbærni.

Hönnun snýr að því að umbreyta og formgera. Hönnun brúar bilið á milli tækni og notanda, verkfræði og viðskiptalífs.

Í stefnuskjalinu Ísland 2020 eru sett fram efnahagsleg og samfélagsleg markmið og sérstaða Íslands skilgreind. Hugmyndafræði hönnunar er lykilþáttur í að árangur náist á þessum sviðum í formi nýrra lausna.

Undanfarin ár hefur skilningur á hlutverki hönnunar aukist og þá einkum hvernig hönnun er afgangi nýsköpunar á öllum sviðum. Meðal þjóða sem hafa náð miklum árangri má nefna Finnland, Danmörku, Holland, Bretland, Eistland, Suður-Kóreu og Singapúr. Þá hefur Evrópusambandið gefið það út að hönnun sé ein af lykilgreininum (e. key discipline) í framtaksverkefni Evrópusambandsins „EU 2020 Flagship Initiative – Innovation Union“.<sup>1</sup>

Skýrsla Evrópusambandsins *Design as a driver of user-centred innovation* frá 2009<sup>2</sup> rýnir helstu rannsóknir á sviði hönnunar í heiminum og dregur fram eftirfarandi niðurstöður.

- Fyrirtæki sem fjárfesta í hönnun hafa tilhneigingu til sterkari nýsköpunar, skapa meiri tekjur og vaxa hraðar en þau sem gera það ekki. Á þjóðhagslegu stigi (*macro-economic level*), er sterk jákvæð fylgni á milli notkunar á hönnun og samkeppnishæfni þjóðar.
- Þótt hönnun sé oft tengd við útlit, er beiting hennar í raun mun víðari. Aðferðafræði hönnunar nýtist mjög vel til að samþætta umhverfis- og efnahagsþætti í þróun vöru, þjónustu og kerfa.
- Hönnun sem drifkraftur í nýsköpun er góð viðbót við hefðbundnari nýsköpunstarfsemi eins og rannsóknir. Í núverandi efnahagsástandi, þar sem fjármagn (*resources*) til nýsköpunar er af skörum skammti, hentar aðferðafræði hönnunar sérstaklega vel. Aðferðir hönnunar krefjast minna fjármagns og möguleikar á því að ná árangri hraðar eru meiri en til dæmis í tæknirannsóknum.

---

<sup>1</sup> EU Commission: Europe 2020 Flagship Initiative – Innovation Union, October 2010, SEC(2010) 1161

<sup>2</sup> EU Commission: Design as a driver of user-centred innovation, April 2009, SEC(2009) 501

## ...hagnýt sem...


Í Danmörku þótti vanta þekkingu og skilning á þeim möguleikum sem hönnun býr yfir. Til að vinna á þessum vanda gerðu Dönsku stofnanirnar, Danish Design Centre og National Agency for Enterprise and Housing, rannsóknarskýrslu<sup>3</sup> árið 2003 um efnahagsleg áhrif hönnunar innan viðskipta og stjórnsýslu. Megintilgangur skýrslunnar var að skoða hagfræðilegan ávinning hönnunar og móta aðferð til að mæla hagnað af fjárfestingum í hönnun og hönnunarkynningum. Í rannsókninni voru yfir 1000 fyrirtæki skoðuð yfir 5 ára tímabil. Rannsóknin sýndi fram á 22% meiri vöxt á tekjum hjá þeim fyrirtækjum sem fjárfestu í hönnun, þau sköpuðu fleiri störf og fluttu meira út. Í skýrslunni var sett fram aðferðafræði, svokallaður hönnunarstigi sem þykir gagnlegt verkfæri til að meta hversu langt einstök lönd eða fyrirtæki eru komin á þeirri vegferð að nýta sér kosti hönnunar til verðmætasköpunar. Því hærra sem fyrirtæki lendir í stiganum þeim mun meira máli skiptir hönnun í heildarstefnu fyrirtækisins.

**Niðurstaðan var skýr:** Möguleikar hönnunar eru illa nýttir þegar notkunin felst aðeins í því að fegra vöru, þjónustu og umbúðir. Því hærra sem fyrirtækin eru í hönnunarstiganum því betur gengur þeim.

Í framhaldi af þessu samþykkti Danská ríkistjórnin fjögurra ára Hönnunarstefnu sem eina af fimm ráðstöfunum til að stuðla að efnahagsþróun sem kallaðist „Danmörk í menningar- og upplifunarhagkerfi“. Einn hluti af þessari stefnu var ísbrjótsverkefni, (Icebreaker-program) sem beinist að litlum og meðalstórum fyrirtækjum til að hvetja þau til að nýta sér hönnun í fyrsta skipti.

### Hönnunarstiginn

% af fyrirtækjum 2003  
% af fyrirtækjum 2007



Source: The Economic Effects of Design, National Agency for Enterprise and Housing, Copenhagen, September 2003 & Design Creates Value, National Agency for Enterprise and Housing, Copenhagen, September 2007

<sup>3</sup> The Economic Effects of Design, National Agency for Enterprise and Housing, September 2003



## ...aflgjafi farsældar og hagvaxtar

Hönnun er áhrifavaldur í því að auka verðmæti og bæta lífsgæði. Til að leysa úr læðingi þá krafta sem hönnun býr yfir, þjóðfélaginu til heilla, þarf margt að vinna saman. Í þeirri vinnu sem liggur að baki þessari hönnunarstefnu er lögð áhersla á þrjár grunnstoðir:

- **Menntun og þekking** sem reiðir sig á öflugna skóla, góða verkþjálfun og sterkt rannsóknarsamfélag á sviði hönnunar eykur samkeppnishæfni atvinnulífs og stjórnsýslu.
- **Starfs- og stuðningsumhverfi hönnuða** þarf að vera skilvirkt og hvetja til samtals milli hönnunar og annarra atvinnugreina sem og stuðningskerfis atvinnulífsins.
- **Vitundarvakning** þarf að eiga sér stað jafnt í fyrirtækjum, stjórnsýslu og samfélaginu í heild um það hvað hönnun stendur fyrir og þá möguleika sem felast í hönnun. Sköpunarferlið sjálft skiptir ekki síður máli en afrakstur verksins.

Til að ná settu marki er mikilvægt að sett sé fram skýr stefnumörkun og jafnframt því skilgreindar aðgerðir með mælanlegum markmiðum.

við skulum...

# Menntun og þekking

## – byggja upp, efla og styrkja hönnunarmenntun

Galdurinn í hugmyndafræði hönnunar er að hún fléttar saman ýmsa nálgun skapandi og gagnrýnnar hugsunar. Hönnun brýtur á agaðan hátt upp hefðbundið mynstur og reglur, og varpar nýju ljósi á viðteknar hugmyndir og niðurstöður. Fyrir vikið er sköpunarverkið bæði NÝTT og NYTSAMLEGT.

Þetta þarf að styrkja hjá nemendum og kennurum!

## ...auka veg hönnunar í grunn- og framhaldsskólum

**Aðgerð 1:** Sjá til þess að metnaðarfullt kennsluefni í hönnun sé til fyrir grunn- og framhaldsskóla

**Ábyrgð:** Námsgagnastofnun fyrir grunnskólastig, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Hönnunarmiðstöð Íslands, eða aðrir sem vilja og geta.

**Framkvæmd:** Fagfólk í nánu og öflugu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

**Markmið:** Efla skilning á efni, aðferðum og færni í hugmyndavinnu þar sem handbragði og vinnu með efni er beitt til að samhæfa hug og hönd. Leggja áherslu á skapandi hugsun og sjálfstæð og fagleg vinnubrögð þar sem gleði og jákvæðni eru höfð að leiðarljósi.

**Mæling:** Kortlagning á kennsluefni um hönnun sem til er og stuðst er við. Bera efnið saman á milli ára. Samráðshópur sérfræðinga yfirfer og metur árangur og kemur með ábendingar.

**Lýsing:** Leggja þarf sérstaka áherslu á sköpun með það að markmiði að nemendum nýtist námsefnið í sem flestum greinum grunnskólans á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Megináherslan verður að vera á ferlið frá hugmynd til afurðar (vara/þjónusta/kerfi). Kennsluefnið verður að miðast við að nemendur fái þjálfun í að lesa og skilja texta þar sem fjallað er um menningu og sjónlistir og geti beitt orðaforðanum í rituðu og mæltu máli. Jafnframt að nemendur fái þjálfun í skapandi skrifum og framsögn. Nauðsynlegt er að fræða kennara um ákjósanlegar leiðir til að kenna hönnun.

**Aðgerð 2:** Styrkja sérhæfðar námsbrautir í list- og hönnunarnámi í framhaldsskólum

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti .

**Framkvæmd:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti .

**Markmið:** Styrkja og efla starf framhaldsskóla sem starfrækja námsbrautir þar sem áhersla er lögð á skapandi hugsun og þróun hugmynda á forsendum sjónlista. Nauðsynlegt er að tryggja úrval öflugra námsbrauta sem hafa það að markmiði að undirbúa þá nemendur sem vilja leggja stund á háskólanám í skapandi greinum og sækja hugmyndafræði og aðferðafræði til grunnfaggreina sjónlista.

**Mæling:** Meta árlega fjárframlög til framhaldsskóla með sérhæfðar námsbrautir á sviði lista og hönnunar.

**Lýsing:** Kortleggja og endurmeta núverandi námsbrautir og meta þörfina á sérhæfingu með hliðsjón af brottfalli og með hliðsjón af framboði framhaldsmenntunar og þarfa atvinnulífsins til að styrkja umgjörð hugmyndavinnu.

Móta umgjörð sem heldur utan um og eflir frumkvæði, sköpun og endurhugsun innan samfélagsins. Mikilvægt er að móta rétta umgjörð fyrir námsbrautirnar sem gefur svigrúm til að fara út fyrir rammann, að tryggja þverfaglega nálgun og samstarf við atvinnulífið.

### Aðgerð 3: Tryggja menntun og endurmenntun grunn- og framhaldsskólakennara í hönnunargreinum

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

**Framkvæmd:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti, háskólar landsins.

**Markmið:** Tryggja að ávallt sé í boði afbragðsmenntun fyrir kennara í hönnun á öllum skólastigum þar sem tekið er mið af forsendum og vinnubrögðum hönnunargreina og áhersla lögð á fagmennsku og framsýni í starfi, miðað við íslenskar aðstæður.

**Mæling:** Kortleggja og leggja mat á nauðsynlega nýliðun í hópi kennara í hönnun í öllu grunn- og framhaldsskólakerfinu. Fylgja vel eftir öllum athugasemdum sem fram kunna að koma í kjölfar úttekta alþjóðlegs gæðaráðs á viðkomandi námsbraut og fræðasviði.

**Lýsing:** Stefna skal að því að þjálfa öfluga og hæfa kennara í listgreinakennslu með séráherslu á hönnun, sem geta unnið með nemendum og listafólki úr ýmsum listgreinum. Mikilvægt er að leggja áherslu á að efla persónulega færni kennara með markvissri þjálfun í að setja sér persónuleg og fagleg markmið sem reyna á sjálfstæði. Námið þarf að opna dyr fyrir samvinnu á milli listgreina og þar með fyrir nýjum möguleikum í listkennslu.

## ...styrkja og efla rannsóknartengt háskólanám í hönnun

### Aðgerð 1: Tengja háskólamenntun í hönnun við aðrar háskólagreinar

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Listaháskóli Íslands, Háskóli Íslands (allir háskólar landsins), Hönnunarmiðstöð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins.

**Framkvæmd:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, háskólar landsins, Hönnunarmiðstöð Íslands.

**Markmið:** Þróa samstarfsferla og samþætta hönnun, tækni og vísindi með samstarfi atvinnulífs, háskóla, stofnana og annarra samfélagshópa. Efla samstarf þvert á faggreinar með rannsóknnum þar sem aðferðafræði hönnunar er beitt á raunveruleg viðfangsefni innan samfélagsins. Nýta aðferðafræði hönnunar til rannsókna, stuðla að aukinni þekkingarsköpun og efla orðræðu um hönnun. Skapa vettvang til að þróa aðferðafræði og verkferla til að koma hugmyndum í framkvæmd, en áhrif hönnunar stuðla að auknum lífsgæðum. Rannsaka og þróa sjálfbærni með hönnun og stuðla þannig að bættu samlífi manns og náttúru. Breyta til batnaðar, hanna til að auka lífsgæði, hugkvæmni og verðmætasköpun í samfélaginu með áherslu á aðferðafræði hönnunar.

**Mæling:** Fjöldi samstarfsverkefna og rannsóknarverkefna sem stuðla að endurhugsun þvert á faggreinar. Mæla og meta fjölda samstarfsverkefna milli háskóla eða milli námsbrauta innan háskóla, fjölda samstarfsverkefna á milli háskóla og atvinnulífs.

**Lýsing:** Efla samstarfsvettvang námsbrauta í rannsóknartengdu háskólanámi með skýr tengsl við atvinnulífið. Til þess þarf að vera til öflugt rannsóknartengt háskólanám í hönnun enda felur hönnun ávallt í sér samvinnu og samráð. Rannsóknartengt háskólanám í hönnun skapar tækifæri til víðtæks samstarfs þvert á faggreinar. Það



Þjálfar einstaklinga í sjálfstæðum og gagnrýnum vinnubrögðum í þverfaglegu og rannsóknartengdu námi þar sem rík áhersla er lögð á að beita hönnunarhugsun á raunveruleg viðfangsefni í samfélaginu. Mismunandi námsbrautum er stefnt saman í samtal og samvinnu undir leiðsögn fagfólks úr mismunandi faggreinum. Sett eru í gang rannsóknartengd vinnustofunámskeið með nemendum og leiðbeinendum af mismunandi námsbrautum og verkefni tengd atvinnulífinu beint.

## Aðgerð 2: Styrkja rannsóknir á áhrifum hönnunar og möguleikum hennar

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Hönnunarmiðstöð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins.

**Framkvæmd:** Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Hönnunarmiðstöð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, háskólar landsins.

**Markmið:** Efla rannsóknir til að gera uppgötvanir. Fara út fyrir mengi þess sem við vitum og skapa nýja þekkingu. Leita leiða til framfara hvort sem er á forsendum tækni, hönnunar (þ.m.t. fagurfræði) eða siðferðis. Efla rannsóknir til að gera uppgötvanir sýnilegar og byggja upp gagnagrunna í samhengi við starfsumhverfið hverju sinni. Vekja upp og þroska þau öfl sem liggja ónotuð eða óvirk. Þroska áræðni og taka áhættu við framgang verkefna. Efla samfélagsleg gildi og samhengi alls þess sem við tökumst á hendur og gera áætlun um ferla; setja hlutina í samfélagslegt samhengi, hvort sem er staðbundið eða alþjóðlegt.

**Mæling:** Fjöldi samstarfsaðila, rannsóknarverkefna, rannsóknarstyrkja, velta fjármuna sem tengjast rannsóknarverkefnum, árangursmæling og árangursmat.

**Lýsing:** Rannsóknir eru vettvangur þekkingarsköpunar (listsköpun getur verið þ.m.t.), samstarfs og miðlunar. Rannsóknir eiga að hvetja til skapandi hugsunar og gagnrýnins viðhorfs til viðfangsefna samtímans. Rannsóknir fara fram í háskólum, í vinnustofum, í fyrirlestrum, í málstofum, og innan stofnana og fyrirtækja undir leiðsögn fagfólks. Rannsakendur öðlast skilning á og fá reynslu af mikilvægi teymisvinnu í einstökum rannsóknarverkefnum og stærri þverfaglegum samstarfsverkefnum.

## Aðgerð 3: Tryggja jafnt aðgengi háskóla landsins að fjármagni til rannsókna og samstarfsverkefna

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, háskólar landsins.

**Framkvæmd:** Mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, háskólar landsins.

**Markmið:** Gefa samstarfi og samstarfsverkefnum þvert á faggreinar tækifæri til að þroskast og vaxa með þátttöku hönnunar og hönnuða. Auka vöxt rannsókna í hönnun með það að leiðarljósi að efla og styrkja fjölbreytileika atvinnulífsins og auka lífsgæði.

**Mæling:** Kortleggja og mæla alla sjóði, fjárveitingar og styrki á vegum hins opinbera til rannsóknar- og samstarfsverkefna og meta hvernig skiptingu fjár á milli háskóla er háttað, óháð rekstrarfyrirkomulagi þeirra.

**Lýsing:** Tryggja faglegt mat á fjárveitingum til rannsóknar- og samstarfsverkefna með því að tryggja aðgengi hönnuða að faglegu mati á umsóknum þar sem hönnun er augljós og mikilvægur þáttur.

# Starfs- og stuðningsumhverfi

## – auka faglegar áherslur, einfalda leiðir og efla frumkvæði

Hönnun er ein af forsendum þess að Íslendingar nái markmiðum sínum um fjölbreytt atvinnulíf. Þess vegna þarf starfs- og stuðningsumhverfi hönnuða að vera skilvirkt og hvetja til samtals milli hönnunar og annarra atvinnugreina sem og stuðningskerfis atvinnulífsins.

## ...beita sjóðum og stuðningskerfi markvisst

### Aðgerð 1: Auka markvisst veg hönnunar í samkeppnissjóðum

**Ábyrgð:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

**Framkvæmd:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Rannís, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Hönnunarmiðstöð Íslands.

**Markmið:** Ýta undir að hönnun verði sjálfsgæður þáttur í verkefnum, þróun og rannsóknum á hvaða sviði sem er.

**Mæling:** Fjölgun styrkþega sem leggja áherslu á hönnun í uppbyggingu verkefna sinna.

**Lýsing:** Vinna markvisst að því að litið sé á hönnun sem sjálfsgæðan þátt í allri umræðu um nýsköpun, rannsóknir og þróun, m.a. með því að tryggja að fagfólk á sviði hönnunar sitji í val- og dómnefndum sjóða sem ætlaðir eru til eflingar atvinnulífs.

### Aðgerð 2: Stofna faglegan hönnunarsjóð

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

**Framkvæmd:** Hönnunarmiðstöð Íslands.

**Markmið:** Stuðla að hraðari uppbyggingu á sviði hönnunar á Íslandi. Efla möguleika fyrirtækja og verkefna á sviði hönnunar til að ná mun skjótari árangri en ella.

**Mæling:** Fjölgun árangursríkra fyrirtækja og verkefna á sviði hönnunar á hverju ári. Fjöldi starfandi hönnuða í samfélaginu og velta útflutnings sem byggir á hönnun.

**Lýsing:** Stofna Hönnunarsjóð Íslands, faglegan samkeppnissjóð sem styrkir sérstaklega verkefni á sviði hönnunar og arkitektúrs (sbr. Kvikmyndasjóð). Hönnunarsjóður yrði verkefna-, þróunar- og útflutningssjóður sem styrkir verkefni á sviði hönnunar og arkitektúrs. Umsjón með úthlutunum úr hönnunarsjóði hefur Hönnunarmiðstöð Íslands.

### Aðgerð 3: Bæta hagrænar mælingar á sviði hönnunar á Íslandi

**Ábyrgð:** Fjármálaráðuneytið.

**Framkvæmd:** Fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands, skattayfirvöld.

**Markmið:** Öðlast yfirsýn yfir umfang starfsemi og reksturs fyrirtækja sem byggja á hönnun (arkitektúr / fatahönnun / vöru- og iðnhönnun / grafísk hönnun / hönnun skartgripa, textíls og keramikur).

**Mæling:** Samanburðarhæfar mælingar frá ári til árs.

**Lýsing:** Skipuleggja hagrænar mælingar sem varða hönnunarfyrirtæki, svo að hægt sé að vinna markvisst að uppbyggingu greinanna, m.a. út frá tölulegum upplýsingum um umfang þeirra á Íslandi og útflutning.

#### Aðgerð 4: Bæta samkeppnisaðstæður fyrirtækja á sviði hönnunar á Íslandi

**Ábyrgð:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og forsætisráðuneyti.

**Framkvæmd:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, forsætisráðuneyti, skattayfirvöld, Tollstjóraembættið og Hönnunarmiðstöð Íslands.

**Markmið:** Auka möguleika íslenskra fyrirtækja á sviði hönnunar til að ná árangri og auka útflutning.

**Mæling:** Fjöldi starfandi fyrirtækja. Kalla eftir athugasemdum hagsmunaaðlia, gera aðgerðaráætlun og bera saman á milli ára.

**Lýsing:** Fara þarf yfir regluverkið sem fyrirtæki á sviði hönnunar búa við. Skoða lög er varða innflutning á frumgerðum eða sýnishornum. Bera saman VSK-reglur milli Íslands og ESB-landa og innflutning frá Íslandi í gegnum ESB-lönd, m.a. til að koma í veg fyrir að íslensk fyrirtæki neyðist til að koma sér upp kennitölum erlendis.

#### Aðgerð 5: Efla og styrkja Hönnunarmiðstöð Íslands

**Ábyrgð:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

**Framkvæmd:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

**Markmið:** Tryggja að Hönnunarmiðstöð hafi fjármagn til að sinna þeim verkefnum sem henni eru falin og auka með því fagleg og markviss vinnubrögð til uppbyggingar á sviði hönnunar á Íslandi. Fela fagmönnum umsjón verkefna á sínu sviði og tryggja hlutverk Hönnunarmiðstöðvar sem þekkingarmiðstöðvar á sviði hönnunar.

**Mæling:** Stefnumótun Hönnunarmiðstöðvar borin saman við árangur (miðað við ársskýrslu Hönnunarmiðstöðvar). Beita árangursmati og árangursmælingu.

**Lýsing:** Byggja upp sterka Hönnunarmiðstöð sem er fyrsti viðkomustaður fyrirtækja, stjórnslu og opinberra stofnana þegar hugað er að verkefnum á fagsviði hönnunar. Miðstöðin skal veita markvissar upplýsingar, ráðgjöf, kynningu og fræðslu á sviði hönnunar, bjóða skilvirka ráðgjöf vegna rekstrar- og skattaumhverfis, útflutnings, tollamála, framleiðslu, innlendrar sem erlendrar, og markaðsmála, m.a. í gegnum „mentorakerfi“. Miðstöðin þarf að búa yfir þekkingu og góðum tengingum við innlenda sem erlenda sérfræðinga og ráðleggur hönnuðum hvar sé best að leita fanga. Henni ber að vinna náið með öðrum stofnunum við að þróa og bæta starfsumhverfi hönnunar.

Veruleg hagræðing getur falist í því að beina fjármagni, sem stofnanir ríkisins hafa úr að spila, til að sinna verkefnum tengdum hönnun og á sviði hönnunar til Hönnunarmiðstöðvar. Miðstöðin getur þannig orðið það mótandi afl sem þarf til og leitað eftir samstarfi við þær stofnanir sem við á um samstarf. Þannig nást markvissari og faglegri vinnubrögð og betri nýting fjármagns. Í Hönnunarmiðstöð er fagþekking á þörfum hönnuða og fyrirtækja á því sviði. Þar er vettvangur þróunar, tengsla og grósku og því skilvirkast að nýta þá sérþekkingu og reynslu til uppbyggingar hönnunargeirans. Það er gert með því að flytja til Hönnunarmiðstöðvar þau verkefni, sem henni voru í raun falin í samningi við iðnaðarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti frá 2008. Verkefnin sem um ræðir eru umsjón með ráðgjöf um vöruþróun, framleiðslu, verkefnastjórnun og markaðsmál fyrir hönnuði og hönnunarfyrirtæki; umsjón með fræðsluverkefnum á sviði hönnunar; umsjón með samstarfsverkefnum milli hönnuða og fyrirtækja (ísbrjótur).

## ... brjóta ísinn með því að styrkja ákveðin verkefni

### Aðgerð 1: Fjölga stuðnings- og ísbrjótisverkefnum á sviði hönnunar

**Ábyrgð:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

**Framkvæmd:** Hönnunarmiðstöð Íslands í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnlífsins og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

**Markmið:** Auka nýsköpun í íslenskum fyrirtækjum, efla framleiðslu og útflutning með aukinni samvinnu milli hönnuða og fyrirtækja og hvetja til aukinnar fjárfestingar fyrirtækja í hönnunarverkefnum.

**Mæling:** Hafa árangurs- og eftirfylgnimælingar í verkefnum, meta fjölda fyrirtækja, verkefna og kanna markvisst árangur af samstarfi.

**Lýsing:** Systurstofnanir Hönnunarmiðstöðvar á Norðurlöndum standa allar fyrir verkefnum á þessu sviði og hafa margar hverjar náð mjög góðum árangri ekki síst Dansk Design Center, DDC. Hönnunarmiðstöð hefur komið á samstarfi við þessar stofnanir og því er markvissast að leita ráðgjafar þar til að hægt sé að flytja til landsins verkferla og þekkingu á þessu sviði. Mjög mikilvægt er að þeir sem stýra verkefnum eins og þessum hafi mikla þekkingu á hönnun, fyrirtækjarekstri, og viðskiptum á sviði hönnunar.

## ... tryggja að stjórnvöld gangi á undan með góðu fordæmi

### Aðgerð 1: Tryggja sérþekkingu á hönnun í stofnunum og ráðuneytum.

**Ábyrgð:** Stjórnarráðið.

**Framkvæmd:** Ráðuneyti og opinberar stofnanir.

**Markmið:** Auka möguleikana á því að aðferðir hönnunar geti haft veruleg áhrif í þróun samfélagsins í átt að betri efnahagslegri, samfélagslegri og umhverfislegri sjálfbærni.

**Mæling:** Fjöldi fólks með sérþekkingu á sviði hönnunar og arkitektúrs í opinbera geiranum.

**Lýsing:** Ef raunverulegur árangur á að nást í því að auka skilning á hönnun og arkitektúr á Íslandi þarf að tryggja að fólk með sérþekkingu á því sviði starfi innan stjórnkerfis og stofnana.

### Aðgerð 2: Stjórnvöld velji íslenska hönnun sem vöru og við þróun verkefna og þjónustu

**Ábyrgð:** Stjórnarráðið.

**Framkvæmd:** Ráðuneyti, Ríkiskaup, Framkvæmdasýsla ríkisins.

**Markmið:** Auka virðingu og sýnileika íslenskrar hönnunar, og viðskipti með hana, á Íslandi og erlendis.

**Mæling:** Setja markmið um að keypt sé íslensk hönnun og framleiðsla, (hlutir, þjónusta, kerfi).

**Lýsing:** Fara að fordæmi nágretta okkar á Norðurlöndum, svo sem Dana, sem leggja ávallt áherslu á eigin framleiðslu og hönnun í stofnunum, byggingum, opinberum verkefnum, þjónustu og kerfum sem og öllu kynningarefni, eins og í bíómyndum. Þetta gera þeir á hreinum viðskiptalegum forsendum. Með þessu er hægt að ná mun skjóttari árangri, byggja undir fyrirtæki hér á Íslandi svo að forsendur þeirra til að ná árangri erlendis eflist til muna. Grundvallaratriði er að lögð sé áhersla á að íslensk hönnun sé alltaf í forgrunni í útstöðvum hins opinbera, hvort sem er innanlands eða erlendis.

# Vitundarvakning

## – fræða, kynna og sýna íslensk verkefni á sviði hönnunar

Dæmin sanna að hönnun getur skipt sköpum í að auka verðmæti og bæta lífsgæði. En betur má ef duga skal – og þess vegna skiptir það meginmáli að almenningur, atvinnulíf og stjórnvöld geri sér ávinninginn ljósan.

## ...sýna og kynna ávinning hönnunar

### Aðgerð 1: Efla kynningarstarf Hönnunarmiðstöðvar Íslands innanlands

**Ábyrgð:** Hönnunarmiðstöð Íslands.

**Framkvæmd:** Hönnunarmiðstöð Íslands, í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, og aðra aðila atvinnulífsins auk Nýsköpunarmiðstöðvar.

**Markmið:** Auka skilning hjá fyrirtækjum og stofnunum með því að kynna jákvæð áhrif hönnunar á verkefni, þjónustu, kerfi, fyrirtæki og samfélag með markvissum hætti. Flýta fyrir vexti og árangri sem hægt er að ná með markvissum kynningarverkefnum svo sem HönnunarMars sem er langstærsta kynningarverkefni á sviði hönnunar á Íslandi. Fjölga innlendum og erlendum samstarfsverkefnum.

**Mæling:** Mæla vitundina um mikilvægi og áhrif hönnunar.

**Lýsing:** Styrkja helstu kynningarverkefni svo sem HönnunarMars, Hönnunarverðlaun Íslands, og kraftmikið en jafnframt sveigjanlegt sýningarhald á sviði hönnunar hér á landi og erlendis. Vinna að gerð kynningarefnis um árangur á sviði hönnunar á Íslandi, sjónvarpsþætti, bæklinga, tímarit, efla vefsíður og fréttatflutning af hönnun. Vinna sérsniðnar kynningar um gildi hönnunar fyrir fyrirtæki, stjórnslu, stjórnáamenn og fjölmiðla. Hugmyndirnar, farvegirnir og verkefnin eru til en fjármagn skortir .

## ...standa fyrir öflugum kynningarstarfi erlendis

### Aðgerð 1: Styrkja fagkynningar hönnuða og fyrirtækja þeirra erlendis

**Ábyrgð:** Hönnunarmiðstöð Íslands.

**Framkvæmd:** Hönnuðir og fyrirtæki þeirra, Hönnunarmiðstöð Íslands og Íslandsstofa.

**Markmið:** Að efla faglega kynningu á íslenskri hönnun erlendis og vinna markvisst að því kynningarstarfi.

**Mæling:** Fjöldi erlendra kynninga á sviði hönnunar á ári og fjöldi íslenskra fyrirtækja/hönnuða sem taka þátt.

**Lýsing:** Hönnunarsjóður Íslands styrkir sérstaklega verkefni á sviði hönnunar og arkitektúrs og veitir fjármagn í erlend kynningar- og útflutningsverkefni. Mikilvægt er að fjármagn, sem stjórnvöld eru nú að veita til slíkra verkefna innan stofnana, verði veitt í faglega samkeppnissjóði, þannig að fagmenn og fyrirtæki þeirra sitji við stjórnvölinn í slíkum verkefnum. Hönnunarmiðstöð stendur fyrir því að setja markmið um stærri erlend kynningarverkefni á sviði hönnunar í samstarfi við fagaðila. Unnið verður eftir meginlínunum þeirrar markmiðssetningar en áhersla lögð á að láta ávallt kynningarverkefni fagfólks og fyrirtækja á sviði hönnunar hafa forgang. Beita skal Hönnunarsjóði Íslands sérstaklega í þessum tilgangi.

## Aðgerð 2: Gera greinarmun á fagkynningum og landkynningum

**Ábyrgð:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

**Framkvæmd:** Hönnunarmiðstöð Íslands og Íslandsstofa.

**Markmið:** Efla veg og virðingu hönnunar á Íslandi innan stjórnkerfisins og auka marksækin og fagleg vinnubrögð.

**Mæling:** Mæla fjölda kynningarverkefna á vegum ríkisins og kostnað við þau vs. fjölda kynningarverkefna faggreina eða einstaklinga úr þeirra hópi og kostnað við þau.

**Lýsing:** Gera greinarmun á:

**Fagkynningum** – kynningarverkefnum þar sem hönnuðir, fyrirtæki hönnuða eða hópar hönnuða taka þátt í kynningarverkefnum erlendis að eigin frumkvæði eða vegna þess að þeim er er boðin þátttaka af erlendum fagaðilum. Þessi kynningarverkefni eru unnin út frá markmiðssetningu fagfólks.

**Landkynningum** – verkefnum þar sem kynning faggreinar eða einstakra hönnuða er hluti af stærra kynningarverkefni (oft mismunandi faggreina á stöðum sem stjórnvöld leggja áherslu á hverju sinni, t.d. í sendiráðum) þar sem megináherslan er á kynningu lands, menningar eða þjóðar.

## ... tryggja framgang þessarar hönnunarstefnu

Hönnunarstefna stjórnvalda er sett fram í breiðu samstarfi stjórnvalda, atvinnulífs og hönnunarsamfélags.

Til að tryggja framgang stefnunnar verði settur á fót samráðs- og framkvæmdahópur sem mennta- og menningamálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti skipa. Í samráðs- og framkvæmdahópnum eru hagsmunaaðilar sem hafa það hlutverk að meta stöðu þeirra aðgerða sem tilgreindar eru í hönnunarstefnunni og liðka fyrir nauðsynlegu samtali milli aðila, örva stjórnsýslun og tryggja upplýsingaflæði um samfélagsleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif hönnunar.

Tryggja þarf fjármagn svo hægt sé að hrinda stefnunni í framkvæmd.

Menningar- og menntamálaráðuneyti ásamt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti munu bera ábyrgð á vinnu samráðs- og framkvæmdahópsins auk þess að tryggja fjárhagslegar hliðar verkefnisins.

## Vegna þess að hönnun er einn af aflagjöfum farsældar og hagvaxtar skulum við

- 1 ... auka veg hönnunar í grunn- og framhaldsskólum
- 2 ... styrkja og efla rannsóknartengt háskólanám í hönnun
- 3 ... beita sjóðum og stuðningskerfi markvisst
- 4 ... brjóta ísinn með því að styrkja ákveðin verkefni
- 5 ... tryggja að stjórnvöld gangi á undan með góðu fordæmi
- 6 ... sýna með skýrum hætti ávinning hönnunar
- 7 ... standa fyrir öflugum kynningarstarfi erlendis
- 8 ... tryggja framgang þessarar hönnunarstefnu